

Fimmtudaginn 27. júní 1985.

Nr. 17/1984. **Ákærvaldið**

(Jónatan Sveinsson saksóknari)
gegn

Guðmundi Sigurði Ingimarssyni

(Stefán Pálsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson og Arnljótur Björnsson prófessor.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 13. desember 1983. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar og þess krafist, að verknaður sá, er lýst er í ákæru 14. desember 1978, verði talinn varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. nú 2. mgr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess hefur verið krafist, að fébótakröfur þær, sem dæmdar voru í héraði, verði teknar til meðferðar í Hæstarétti. Saksóknari hefur krafist þess, að ákvæði dómsins um bætur til Eymundar Jóhannssonar og Þorvarðar Einarssonar verði staðfest, en „fébætur til Trausta Elliðasonar verði hækkaðar,“ án þess að sú krafa hafi verið mörkuð nánar. Verjandi hefur af hálfu ákærða krafist sýknu af öllum kröfunum, en til vara lækkunar.

Mál þetta var þingfest í sakadómi Kópavogs 25. september 1980. Voru þá lagðar fram ákæru, dagsettar 20. júlí og 14. desember 1978, og málin sameinuð. Ákærði kom fyrir dóm ásamt verjanda sínum, og voru ákæru birtar honum. Ákærði tjáði sig síðan um efni ákæru 14. desember, en eigi kemur fram, að hann hafi verið spurður neitt um sakarefni ákærunnar 20. júlí. Sést heldur eigi, að það hafi verið gert síðar né heldur að málsmeðferð hafi beinst að neinu leyti að þessum sakaratriðum, svo sem með yfirheyrslu vitna. Hefur einungis verði fjallað um ákæruna 14. desember.

Í þinghaldi þessu er þess getið, að embætti ríkissaksóknara hafi haft samband við dómarann og tjáð honum, „að ekki yrði mætt af hálfu ákærvaldsins í þinghöldum í máli þessu.“ Var enginn

sækjandi síðan viðstaddur þinghöld í málinu fyrr en 16. júní 1983, er munnlegur málflutningur fór fram.

Samkvæmt 121. og 122. gr. laga nr. 74/1974 bar að inna ákærða eftir því, hvort hann viðurkenndi sakargiftir í ákæru 20. júlí, enda bar að færa fram sönnunargögn um þau sakarefni, nema ákærði játaði þau skýlaust. Þá átti mál þetta að sæta sókn og vörn, sbr. 1. tl. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 74/1974, og bar sækjanda að taka þátt í allri málsmeðferðinni, sbr. 132.-134. gr. nefndra laga.

Vegna þeirra megingalla á málsmeðferð, sem nú hefur verið lýst, verður eigi hjá því komist að ómerkja héraðsdóm og meðferð málsins í héraði og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Það athugast, að skaðabótakrafa Trausta Elliðasonar, sem gerð var með bréfi, er lagt var fram á dómþingi 21. desember 1982, var aldrei borin undir ákærða sjálfan.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eru ómerkt, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ákærði var yfirheyrður í sakadómi Kópavogs 21. september 1977 og 10. mars 1978 um atferli það, sem hann var síðar ákærður fyrir með ákæruskjali 20. júlí 1978, svo og voru honum kynntar skaðabótakröfur þær, sem gerðar voru á hendur honum vegna þess.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um, að rekstur málsins fyrir sakadómi Kópavogs hafi farið aflaga, en tel þó ekki næga ástæðu til að ómerkja héraðsdóminn og málsmeðferðina. En með því að meiri hluti dómenda hefur komist að annarri niðurstöðu, eru ekki efni til að ég fjalli um efnishlið málsins.

Dómur sakadóms Kópavogs 13. september 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. ágúst 1983, er höfðað af ákærvaldsins hálfu með 2 ákæruskjöllum, dagsettum 20. júlí 1978 og 14. desember s.á., á hendur Guðmundi Sigurði Ingimarssyni nemanda, Hraunbraut 41, Kópavogi, fæddum 6. júní 1955 í Reykjavík.

Í fyrri ákærunni er ákærða gefið að sök „að hafa, laugardagskvöldið 6. nóvember 1976, þá er ákærði var staddur fyrir utan samkomuhúsið Sigtún við Suðurlandsbraut í Reykjavík, slegið þar tvo menn hnefahögg í andlitið, fyrst Eymund Jóhannsson, Víghólastíg 16, Kópavogi, sem við það féll til jarðar og hlaut við höggið áverka á vinstri augabrún, og síðan Þorvarð Einarsson, Bjarnhólastíg 17A, Kópavogi sem ennfreður féll til jarðar og missti meðvitund um stund og læknisskoðun leiddi svo í ljós, að Þorvarður hafði hlotið við höggið nefbrot, sprungu á kinnbeini vinstra megin og glóðarauga vinstra megin.

Framlýst atлага ákærða að Eymundi Jóhannssyni telst varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, en atlagan gegn Þorvarði Einarssyni telst varða við 218. gr. almennra hegningarlaga.“

Í þeirri síðari er ákærða gefið að sök „að hafa, laugardagsnóttina 13. maí 1978, þá er ákærði var staddur fyrir utan samkomuhúsið Klúbbinn við Borgartún í Reykjavík, slegið þar Trausta Elliðason, Lindarflöt 37, Garðabæ, hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að Trausti féll til jarðar og missti meðvitund um stund, og við læknisskoðun kom í ljós, að Trausti hafði hlotið við höggið eða fallið brot á 5. hálslið og sköddun á mænu, sem leiddi svo af sér tilfinningaleysi og lómun í stórum hluta líkamans og hætta þykir á að leiði til varanlegrar örkumlar.

Framlýst háttsemi ákærða telst aðallega varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, en til vara við 219. gr. sömu laga.“

Í báðum ákærum er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málin voru sameinuð í þinghaldi þann 25. september 1980.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Sigurður Ingimarsson, sæti fangelsi í 6 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og niður skal hún falla að liðnum 3 árum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og sérstakt skilyrði 6. t. sömu lagagreinar, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Þorvarði Einarssyni, Bjarnhólastíg 17A, Kópavogi,

kr. 3.000,00 og Eymundi Jóhannssyni, Víghólastíg 16, Kópavogi, kr. 200,00.

Ákærði greiði Trausta Elliðasyni, Lindarflöt 37, Garðabæ, kr. 900.000,00 með 5% ársvöxtum frá 13. maí 1978 til greiðsludags, kr. 90.000,00 ásamt 19% ársvöxtum frá sama degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 2. apríl 1980, 43,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma, og kr. 5.759,00 án vaxta.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar sem talin laun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl., kr. 42.000,00 og saksóknarlaun í ríkissjóð að fjárhæð kr. 30.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 27. júní 1985.

Nr. 145/1985. **Jóhanna Tryggvadóttir**

gegn

Páli Ásgeiri Tryggvasyni

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 2. júní 1985, sem barst Hæstarétti 7. s.m.

Hann krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá „rétti“, en til vara, að „fógetaúrskurður um hlutafjáreign Páls Ásgeirs verði dæmdur ógildur.“ Enn fremur krefst hann þess, að málskostnaðar-ákvæði hins kærða úrskurðar verði felld úr gildi. Loks krefst hann þess, að Hæstiréttur dæmi ógild „ærumeiðandi ummæli fógeta“ um sig.